

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 142/2018

2021/EES/13/20

frá 6. júlí 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/588 frá 18. apríl 2018 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi 1-metýl-2-pýrrólíðóni) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/589 frá 18. apríl 2018 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi metanóli) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ⁽²⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stj. ESB L 102, 23.4.2018, bls. 99.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32018 R 0588:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/588 frá 18. apríl 2018 (Stj. ESB L 99, 19.4.2018, bls. 3),
- **32018 R 0589:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/589 frá 18. apríl 2018 (Stj. ESB L 99, 19.4.2018, bls. 7), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stj. ESB L 102, 23.4.2018, bls. 99.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2018/588 og (ESB) 2018/589, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stj. ESB L 102, 23.4.2018, bls. 99, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stj. ESB L 99, 19.4.2018, bls. 3.

⁽²⁾ Stj. ESB L 99, 19.4.2018, bls. 7.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.